

Nefndasvið Alþingis  
nefnasvid@althingi.is

Egilsstöðum, 18. 2. 2014

**Efni: Athugasemdir Skógræktar ríkisins við tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2014-2017.**

Skógrækt ríkisins leggur til að við greinina um atvinnumál í tillögunni á bls. 3-4 komi nýr liður, nr. 3.6:

3.6 Stuðningur við uppbyggingu skógarauðlindar

*Markmið:* Efla stuðning við skógrækt á bújörðum þar sem aðstæður eru ákjósanlegar með áherslu á viðarframleiðslu, kolefnisbindingu, aukin landgæði, betri búsetuskilyrði og atvinnusköpun.

*Aðgerðir:*

- a. Auka stuðning við Landshlutaverkefnið í skógrækt og Hekluskóga upp í a.m.k. jafnvirði þess sem var fyrir hrún.
- b. Efla rannsóknir og þróun á vegum Skógræktar ríkisins á ræktun og umhirðu skóga, nýtingu þeirra og úrvinnslu afurða.

*Ábyrgð:* Umhverfis- og Auðlindaráðuneytið

*Kostnaður:* Kr. 525 milljónir. Þetta er það sem uppá vantar á fjárlögum 2014 til þess að ná jafnvirði framlaga ríkisins til skógræktar eins og þau voru árið 2008, þ.a. kr. 325 milljónir til Landshlutaverkefnanna í skógrækt, kr. 160 milljónir til Skógræktar ríkisins og kr. 40 milljónir til Hekluskóga.

Greinargerð

Landshlutaverkefnið í skógrækt eru Héraðs- og Austurlandsskógar, Suðurlandsskógar, Norðurlandsskógar, Vesturlandsskógar og Skjólsskógar á Vestfjörðum. Markmiðið með Landshlutaverkefnum er að byggja upp skógarauðlind og stuðla þannig að þróun og viðhaldi byggðar í öllum landshlutum. Verkefnið eru fyrst og fremst langtímafjárfesting sem gefur von um sívaxandi efnahagssumsvif eftir því sem tímar líða. Á bak við hverja milljón plantna sem gróðursett er má áætla að skapist 14,2 ársverk, m.a. við plöntuframleiðslu, gróðursetningu, ráðgjöf, umsýslu og önnur verkefni. Með skógrækt er sáð til langrar framtíðar og störfnið sem skapast verða ekki tekin frá byggðunum nema með því að fjarlægja skóginn. Hekluskógar er samstarfsverkefni Skógræktar ríkisins og Landgræðslu ríkisins með það að markmiði að græða upp sanda og vikra umhverfis

Heklu til skógar til að draga úr náttúruvá og binda kolefni. Verkefnið skapar störf á Suðurlandi við plöntuframleiðslu og gróðursetningu, því fleiri sem meira er gert. Skógræktarstarfið byggir á þekkingu sem nauðsynlegt er að efla og uppfæra samfara þróun greinarinnar. Rannsóknir á vegum Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins á Mógilsá og þróunarstarf í Þjóðskógunum vísa vegin í þessum efnum.

Sú upphæð sem nefnd er (kr. 525 milljónir) er fengin með því að framreikna ríkisframlög til skógræktar árið 2008 með vísitölu neysluverðs og draga síðan núverandi framlög frá. Með þessari viðbót væri verið að færa framlög til skógræktar í sama horf og var fyrir hrun. Vonandi er metnaður til þess.

Virðingarfyllt

F.h. Skógræktar ríkisins

Þróstur Eysteinnsson

Sviðsstjóri Þjóðskóganna